

Fjarðabyggð
Aron Leví Beck Rúnarsson
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 25. ágúst 2023
UST202308-010/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Fólkvangur Neskaupstaðar - Útivistarsvæði - Fjarðabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Fjarðabyggðar er barst 2. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir fólkvang Neskaupstaðar í Fjarðabyggð.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skipulagsmörkum er breytt þannig að skipulagssvæðið minnkar sem nemur skörun við nýtt deiliskipulag fyrir snjóflóðavarnir; Nes- og Bakkagil. Í deiliskipulagi fyrir snjóflóðavarnirnar er gert ráð fyrir ofanvatnsrás sem mun raska lækjarfarvegi Stóralækjar.

Fólkvangur

Umhverfisstofnun bendir á að fólkvangur Neskaupsstaðar var friðlýstur árið 1972, sbr. augl. nr. 333 í B-deild Stjórnartíðinda. Markmiðið friðlýsingarinnar er að vernda náttúruminjar svæðisins í eins ósnortinni mynd og kostur er.

Fólkvangurinn er kjörinn til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu enda landslagið tignarlegt, lífríkið auðugt og jarðmyndanir fjölbreyttar.

Umhverfisstofnun tekur undir að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Þar sem áður var lækjarfarvegur verður gert ráð fyrir ofanvatnsrás og þar af leiðandi hefur sú framkvæmt neikvæð áhrif á Stóralæk sem er á mörkum Fólkvangsins.

Umhverfisstofnun bendir á mörk fólkvangsins¹ og að friðlýsingarskilmálarnir fyrir fólkvanginn eru knappir en strangir en af þeim leiðir að einungis umferð gangandi er heimil, þ.e. svo lengi sem gangandi fólk veldur ekki gróðurskerðingu eða ónæði fyrir dýralífið innan svæðisins. Það er með öllu óheimilt að raska föstum bergmyndunum á svæðinu og öll mannvirkjagerð og jarðefnataka er óheimil. Eins er öll umferð vélknúinna ökutækja stranglega bönnuð. Þær framkvæmdir sem heimilt er að fara í skv. skilmálunum eru þær að [náttúrunefnd Neskaupstaðar] má laga þær gönguleiðir sem þörf er á svo fólk komist leiða sinna innan fólkvangsins.²

¹ http://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/Neskaupstadur_kort.pdf

² <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/austurland/folkvangur-neskaupstadar/>

Umhverfisstofnun bendir á að deiliskipulagið verður að taka tillit til og mið af friðlýsingunni. Ef þetta þykja nauðsynlegar framkvæmdir þá er hægt að sækja um undanþágu frá friðlýsingarskilmálunum, sbr. 41. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Sótt er um undanþágu í gegnum þjónustugátt Umhverfisstofnunar (Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum) á www.ust.is.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur